



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og samgöngusvið

LEYFI

til að starfrækja seiðaeldisstöð í Kollafirði

Nafn leyfishafa: Stofnfiskur hf.

Heimilisfang: Staðarberg 2-4

Póstnr. 220

Kennitala: 620391-1079

Útgáfudagur leyfis: 15. september 2009 Gildir til: 15. september 2021

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga og laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerða settum samkvæmt þeim. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með meðfylgjandi almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og sértækum skilyrðum fyrir fiskeldi með frárennsli í ferskvatn.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Umhverfissvið Reykjavíkur. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 15. september 2009



Starfsleyfisskilyrði fyrir seiða- og fiskeldisstöðvar með frárennsli í ferskvatn

1. Almenn ákvæði

- 1.1 Heimil ársframleiðsla er allt að 20 tonn og takmarkast losun á mengunarefnum og hreinsuðu fráveituvatni einnig við starfsemi innan þeirra marka. Sérstakt starfsleyfi þarf til losunar efna sem talin eru upp á lista I í viðauka með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- 1.2 Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur og í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar. Á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis og skal öllum úrgangi komið fyrir samkvæmt gildandi reglum. Um umgengnisreglur, sóttgreinsun og meðferð sýktra og sjálfdauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.3 Sé þess óskað er stöðinni skylt að gefa Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur árlega skýrslu um framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðal vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttgreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu. Sama á við um rannsóknir og mat á áhrifum efna af lista II í viðauka í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. gr. 5.2 í sömu reglugerð. Um skýrslugerð vegna eldisframleiðslu fer að öðru leyti samkvæmt 69. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.
- 1.4 Um gerð, frágang og notkun olíutanka og tengds búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Um notkunina gilda sérstök starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Orka skal vel nýtt. Eigi síðar en þremur árum eftir útgáfu starfsleyfisins skal fyrirtækið leggja fram fyrir Heilbrigðiseftirlitið gögn sem sýna það. Fyrirtæki með starfsleyfi og starfandi fyrir 2. desember 1999 þurfa ekki að uppfylla ákvæði þetta fyrir en 31. október 2007. Sama á við um fyrirtæki sem sóttu um starfsleyfi fyrir sama tíma enda taki þau til starfa fyrir 2. desember 2000.
- 1.6 Draga skal með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs, úrgangi sem myndast skal komið í endurnotkun og endurnýtingu og förgun þess úrgangs sem ekki er hægt að endurnota eða endurnýta skal vera með skipulögðum hætti. Bannað er að urða eða farga dauðum fisk og fiskúrgang nema á urðunarstað með starfsleyfi. Slíkum úrgangi



skal haldið frá almennu sorpi. Afla skal kvittana fyrir móttöku úrgangsins á löggildum urðunarstað og skulu þær vera aðgengilegar fyrir Heilbrigðiseftirlitið.

- 1.7 Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til að draga úr afleiðingum þeirra, sbr. lög og reglur þar að lútandi. Tilkynna skal ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður. Leggist hún niður skal fjarlægja allan fisk úr stöðinni, fjarlægja allan rekstrarúrgang ásamt sótthreinsiefna- og lyfjaleifar of skal úrganginum skilað til viðeigandi móttökustöðva fyrir úrgang. Einnig skal ganga frá mannvirkjum þannig að hætta stafi ekki af þeim.

2. Varnir gegn mengun umhverfis

- 2.1 Beita skal bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina. Besta fánlega tækni við mengunarvarnir fyrir seiða- og fiskeldi er sú tækni sem tryggir að ákvæði 3. kafla starfsleyfisskilyrðanna séu uppfyllt. Fyrirtæki með starfsleyfi og starfandi fyrir 2. desember 1999 þurfa ekki að uppfylla ákvæði þetta fyrr en 31. október 2007. Sama á við um fyrirtæki sem höfðu sótt um starfsleyfi fyrir sama tíma enda taki þau til starfa fyrir 2. desember 2000. Mengunarvarnabúnaður og rekstur stöðvarinnar skal vera þannig að ávallt séu uppfyllt ákvæði um langtímamarkmið fyrir ástand viðtaka sem stöðin losar í, sbr. gr. 8 í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Komi í ljós að viðtaka hrakar eða að ástand hans er lakara en ástandsflokkun hans, sbr. gr.8 í sömu reglugerð er Heilbrigðisnefnd heimilt að endurskoða og breyta ákvæðum starfsleyfis og krefjast viðbótarráðstafana, telji hún það nauðsynlegt til úrbóta.
- 2.2 Þannig skal gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfdaður fiskur berist ekki með frárennslinu sbr. 64. og 65. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungaveiði, með síðari breytingum.
- 2.3 Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í veitukerfi borgarinnar eða í rotþró þar sem því verður ekki komið við. Um fyrirkomulag og staðsetningu rotþróa skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits.
- 2.4 Stöðinni er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi og spilliefnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða grunnvatn. Mengunarvarnarbúnaður vegna spilliefna skal vera samþykktur af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.
- 2.5 Stöðinni er skylt að koma í veg fyrir að vargfugl og önnur villt dýr komist að hreinsivirki stöðvarinnar og úrgangi frá henni.



- 2.6 Eigi síðar en ári eftir gildistöku starfsleyfisins skal fyrirtækið leggja fyrir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur til samþykktar tæknilega lýsingu á fyrirhuguðum hreinsibúnaði, þ. á. m. um hönnunarforsendur, staðsetningu og rekstur, sbr. og ákvæði gr. 10 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Ennfremur áætlað vatnsrennsli um hann og álag mengunarefna auk upplýsinga um fyrirhugaða meðferð seyru. Skal búnaður og starfshættir tryggja að uppfyllt séu ákvæði skilyrða starfsleyfisins og vera háður samþykki Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- 2.7 Samþykktur hreinsibúnaður fyrir fráveituvatn stöðvarinnar skal vera tekinn í notkun eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku starfsleyfisins. Við afgreiðslu starfsleyfisumsóknar getur Heilbrigðiseftirlitið þó í undantekningartilvikum samþykkt rýmri tíma ef til þess liggja fullgildar ástæður að mati eftirlitsins.

3. Losunarmörk og gæðamarkmið

- 3.1 Eftirfarandi hámarks magn mengandi efna sem losuð eru í viðtaka skulu gilda:
Efnasambönd fosfors: 8 kg P/framleitt tonn.
Efnasambönd köfnunarefnis: 60 kg N/framleitt tonn.
- 3.2 Ef fyrir liggur fullnægjandi úttekt á því hversu mikla mengun viðtakinn þolir m.t.t. fosfors og köfnunarefnis getur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur heimilað rýmri mörk en skv. gr. 3.1 ef það er talið réttlætjanlegt.
- 3.3 Á meðan ekki liggja fyrir losunarmörk fyrir önnur efni en köfnunarefnis- og fosforsambönd skulu eftirfarandi umhverfismörk gilda fyrir viðtaka frárennslis frá fiskeldi:
Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn skal ekki vera að finna utan eða innan þynningarsvæðis:
-Set eða útfellingar
-Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
-Olía eða froða.
-Sorp eða aðrir aðskotahlutir
-Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.
Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda utan þynningarsvæðis:
-Hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2 °C
-Súrefni:
Lágmarksmettun: 70%.
Lágmarksstyrkur: 6mg/l
Styrkur skal vera yfir 9 mg/l a.m.k. 50% tímans.
-Sýrustig:
pH: 6 - 9



Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5

-Hámarkssúrefnisnotkun: BOD₅: 4 mg O₂ /l (eða COD: 20 mg O₂ /l)

-HOCl: Hæst 0,004 mg /l

-Olíur og fitur: Olíubrák má ekki sjást.

-Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg /l.

- 3.5 Þynningarsvæði er það svæði þar sem fráveituvatn frá stöðinni hefur ekki að fullu blandast vatni viðtakans.

4. Innra eftirlit

- 4.1 Fyrirtækið skal hafa eftirlit með framleiðslu stöðvarinnar og halda skrá yfir helstu atriði sem máli skipta varðandi framleiðsluna. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Fjöldi og þyngd fiska og breytingar á þessum tölum vegna flutninga, sölu eða dauða.
 - Fóðurnotkun
 - Vatnsnotkun.
 - Notkun hættulegra efna og lyfja.
- 4.2 Innan þriggja ára skal fyrirtækið láta framkvæma mælingar sem leitt geta í ljós hvort rekstur stöðvarinnar sé í samræmi við ákvæði skilyrðanna. Notast skal við viðurkenndan rannsóknnaðila og skal hann hafa eftirlit með að rétt sé staðið að sýnatöku og mælingum. Mælingar þessar skulu endurteknar á 10 ára fresti. Seiðaðis- og fiskeldisstöðvar sem flokkast í 5 flokk er undanþegið þessu ákvæði.
- 4.3 Við mælingar og efnagreiningar skal beitt viðurkenndum aðferðum, skv. íslenskum stöðlum ef til eru, annars skv. alþjóðlegum stöðlum, verði því við komið. Við mælingar sem tengjast eftirliti með losunarmörkum skulu tekin dæmigerð sýni fyrir frárennslis og eldisstofn á einum sólarhring. Niðurstöður mælinga á þannig teknum sýnum skulu notaðar til að reikna magn efna sem losuð eru á hvert framleitt tonn.
- 4.4 Fyrirtækið skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Umsjónarmaður stöðvarinnar skal halda skrá yfir helstu atriði sem varða rekstur hreinsibúnaðar, svo sem:
- Rekstrarstöðvana búnaðar vegna hreinsana eða af öðrum ástæðum.
 - Tæmingar á seyru, s.s. dags. tæmingar og magn og afdrif seyrunnar.
 - Mælingar og athuganir vegna ákvæða 4.kafla.



- 4.4 Hægt skal vera án fyrirhafnar fyrir eftirlitsaðila að koma fyrir sýnatökubúnaði og taka sýni við inntak og úttak hreinsibúnaðar. Einnig skal útfall eða inntak hreinsibúnaðar vera þannig hannað að eftirlitsaðili geti án fyrirhafnar mælt vatnsrennsli.
- 4.6 Fyrirtækið tilkynni Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur ef verulegir erfiðleikar koma upp við rekstur hreinsibúnaðarins. Fyrirtækið geri grein fyrir orsök erfiðleikanna og lengd þeirra tímabila sem búnaðurinn er óvirkur eða hreinsihæfni hans er verulega skert.

5. Eftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

- 5.1. Um eftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fer skv. ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Samþykkt af Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 14. september 2000